

2018



ÁRSSKÝRSLA

Dómstólasýslan
Hæstiréttur Íslands
Landsréttur
Héraðsdómstólarnir



DÓMSTÓLASÝSLAN

Ársskýrsla 2018
Dómstólasýslunnar
Hæstaréttar
Landsréttar
Héraðsdómstólanna

*Ársskýrslan er unnin og gefin út til samræmis við 4. tl. 8. gr. laga um dómstóla nr. 50/2016

Hönnun og umbrot:

Kría hönnunarstofa

Mynd á forsíðu:

Nikulásargjá, Þingvöllum – Shutterstock

Útgefandi:

Dómstólasýslan
Suðurlandsbraut 14, 3. hæð
108 Reykjavík.
S: 432 5010

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Dómstólasýslan	6
Stjórn dómstólasýslunnar	7
Hlutverk dómstólasýslunnar	8
Stefnumótunarvinna	9
Verkefni dómstólasýslunnar á árinu 2018	10
Símenntun, fundir og viðburðir starfsmanna dómstólanna	10
Upplýsinga- og tæknimál dómstólanna	12
Samræming og eftirlit með framkvæmd reglna	13
Reglur um samræmda framkvæmd	13
Ýmsar nefndir	14
Samráðshópar, stýrinefndir o.fl.	15
Erlent samstarf	15
Mannauður dómstólanna og dómstólasýslunnar	16
Dómstólarnir í tölum	17
Hæstiréttur	18
Fjöldi mála	19
Beiðnir um áfrýjunar- og kæruleyfi	19
Áfrýjuð mál	19
Kærð mál	20
Landsréttur	21
Fjöldi mála	23
Áfrýjuð mál	23
Kærð mál	24
Héraðsdómstólarnir	25
Fjöldi mála	25
Einkamál	26
Ákærumál	27
Gjaldþrot	27
Rannsóknarúrskurðir	29

Inngangur

Með nýjum lögum um dómstóla nr. 50/2016, sem tóku gildi 1. janúar 2018, urðu stærstu breytingar á íslensku réttarhari og dómstólaskipan sem gerðar hafa verið allt frá aðskilnaði dómsvalds og umboðsvalds í héraði er kom til framkvæmdar 1. júlí 1992. Helsta breytingin fólst í því að komið var á fót millidómstigi með Landsrétti þannig að dómstigin eru nú þrjú en höfðu áður verið tvö allt frá því að Hæstiréttur tók til starfa árið 1920 fyrir rétt tæpri öld. Önnur breyting með lögunum, sem minna hefur farið fyrir, fólst í því að koma á legg nýrri ríkisstofnun, dómstólasýslunni, til að fara með sameiginlega stjórn-sýslu dómstólanna. Því er ástæða til að vekja athygli á að stofnun dómstólasýslunnar fól í sér miklar umbætur fyrir dómsvaldið í landinu og sjálfstæði þess.

Markmið eldri laga um dómstóla, nr. 15/1998, var að efla sjálfstæði dómsvaldsins og var það meðal annars gert með því að fela dómstólaráði að fara með og annast ýmis innri málefni héraðsdómstólanna. Þessi verkefni höfðu áður verið á hendi dómsmálaráðuneytisins en betur þótti fara á því að dómstólarnir sjálfir önnuðust þau til að leggja áherslu á og gefa til kynna sjálfstæði

þeirra. Nú hefur þessari þróun verið fram haldið með því að dómstólasýslan hefur leyst af hólmi dómstólaráð. Stofnunin tekur hins vegar ekki aðeins til héraðsdómstólanna, eins og forverinn dómstólaráð, heldur nær hún til allra dómstiganna. Jafnframt hefur dómstólasýslunni verið falin aukin ábyrgð til að efla sjálfstæði dómstólanna, en það felst einkum í lögbundnu hlutverki stofnunarinnar við meðferð tillagna til Alþingis um fjárveitingar til dómstólanna. Þetta felst í því að eftir 1. mgr. 7. gr. dómstólalaga ber dómsmálaráðherra, ef hann vikir frá tillögum dómstólasýslunnar um fjárveitingar, að greina fjárlaganefnd frá ástæðum þess auk þess sem gera skal grein fyrir frávikum í frumvarpi til fjárlaga. Með þessu er tryggt gagnsæi við fjárveitingar til dómstólanna auk þess sem dómstólunum er veittur greiðari aðgangur að fjárveitingavaldinu. Í skýringum við þetta ákvæði í athugasemdum með frumvarpi til laganna er tekið fram að þótt ráðherra sé ekki skylt að taka upp óbreyttar tillögur dómstólasýslunnar um fjárveitingar sé lagt til grundvallar að hann víki ekki frá þeim nema í alveg sérstökum tilvikum. Einnig segir að með þessu fyrirkomu-lagi sé leitast við að styrkja stöðu dómstólanna gagnvart

framkvæmdavaldinu og tryggja að Alþingi séu fyllilega ljós sjónarmið dómsvaldsins áður en ákvörðun er tekin um fjárveitingar. Dómstólasýslan hefur í störfum sínum merkt viðhorfsbreytingu hjá framkvæmdarvaldinu í samræmi við þetta. Á það skal hins vegar lögð áhersla að dómstólasýslan mun af ábyrgð fara með þetta hlutverk sitt.

Í almennri umræðu og á vettvangi Alþingis hefur verið rætt að koma þurfi á eftirliti af einhverju tagi með stjórn-sýslu dómstóla. Þegar mat er lagt á þörf á slíku eftirliti verður að afmarka nánar hvað átt er við með stjórn-sýslu dómstóla. Hér er um að ræða önnur verkefni en hin eiginlegu dómstörf og er þá helst átt við rekstur ásamt starfsmannamálum. Þannig lýtur stjórn-sýslan venjulega ekki að almennum borgurum ef frá er talin birting dóma. Að þessu gættu getur stjórn-sýsla dómstólanna ekki kallað á viðamikil eftirlit. Þar er jafnframt að öðru að hyggja sem snertir sjálfstæði dómsvaldsins. Eins og hér hefur verið rakið hefur dómstólunum sjálfum verið falið að fara með innri málefni sín til að efla sjálfstæði þeirra. Ytra eftirlit með stjórn-sýslu þeirra færi gegn þessum mikilvæga

tilgangi og væri til þess fallið að grafa undan sjálfstæðinu. Er þess þá síður að vænta að dómsvaldið njóti trausts til að hafa eftirlit með öðrum handhöfum ríkisvalds.

Dómstólasýslan hefur tekið saman meðfylgjandi árs-skýrslu um starfsemi sína og dómstóla fyrir árið 2018 í samræmi við 4. tl. 8. gr. dómstólalaga. Í skýrslunni er að finna samantekt á helstu verkefnum dómstólasýslunnar fyrsta starfsárið ásamt upplýsingum um fjölda dómsmála á hverju dómstigi og málsmeðferðartíma. Við gildistöku nýrra laga um dómstóla var ákveðið að Hæstiréttur skyldi dæma í þeim einkamálum sem til hans var áfrýjað fyrir árslok 2017, en ódæmd sakamál skyldu send Landsrétti til meðferðar. Fyrsta starfsár Landsréttar einkenndist af mótun á nýju dómstigi en rétt er að hafa í huga að málsmeðferð fyrir Landsrétti er önnur en við Hæstarétt, meðal annars vegna viðbótarsönnunarfærslu með vitnaleiðslum fyrir réttinum. Heildarmálafjöldi hér-aðsdómstólanna hefur haldist svipaður á liðnum árum en það sem einkum vekur athygli við skoðun málatalna á liðnu ári er sú fækkun sem varð milli ára á munnlega fluttum einkamálum við Héraðsdóm Reykjavíkur.

Apríl 2019

Benedikt Bogason,
formaður stjórnar dómstólasýslunnar

Ólöf Finnsdóttir,
framkvæmdastjóri

Dómstólasýslan

Dómstólasýslan er sjálfstæð stjórnsýslustofnun sem hefur það meginhlutverk að annast og vera í fyrirsvari fyrir sameiginlega stjórnsýslu dómstólanna, styrkja stjórnsýslu þeirra og um leið stuðla að samræmingu í framkvæmd er varðar innri starfsemi allra dómstiganna þriggja.

Dómstólasýslan lýtur ekki boðvaldi annarra innan dómskerfisins og er óháð löggjafar- og framkvæmdarvaldinu.



Stjórn dómstólasýslunnar

Stjórn dómstólasýslunnar var skipuð 1. ágúst 2017 á grundvelli laga um dómstóla nr. 50/2016.

Stjórnina skipa:

- » Benedikt Bogason hæstaréttardómari, formaður, en varamaður hans er Karl Axelsson hæstaréttardómari.
- » Hervör Þorvaldsdóttir, forseti Landsréttar, en varamaður hennar er Davíð Þór Björgvinsson landsréttardómari.
- » Kristín Haraldsdóttir lektor en varamaður hennar er Guðni Bergsson, forseti KSÍ og lögmaður.
- » Íris Elma Guðmann dómritari en varamaður hennar er Erna Björt Árnadóttir dómritari.
- » Halldór Björnsson héraðsdómari en varamaður hans er Barbara Björnsdóttir héraðsdómari.

Framkvæmdastjóri dómstólasýslunnar var skipaður 1. október 2017 og er Ólöf Finnsdóttir.

Hlutverk stjórnar dómstólasýslunnar er skilgreint í 7. gr. dómstólalaga.

- » Stjórn dómstólasýslunnar leggur mat á og gerir tillögu til ráðherra um nauðsynlegar fjárveitingar til dómstólasýslunnar, Hæstaréttar og Landsréttar og sameiginlega fjárveitingu til héraðsdómstólanna. Sé vikið frá tillögum dómstólasýslunnar skal ráðherra greina fjárlaganefnd frá ástæðum þess auk þess sem gera skal grein fyrir frávikum í frumvarpi til fjárlaga.
- » Dómstólar skulu skilgreindir sem sérstakt málefna svið í frumvarpi til fjárlaga og í fjárlögum. Í fjárlögum skal kveðið sundurliðað á um fjárveitingar til Hæstaréttar Íslands, Landsréttar, héraðsdómstólanna sameiginlega og dómstólasýslunnar. Stjórn dómstólasýslunnar skiptir á milli héraðsdómstólanna fé sem skal veitt þeim í einu lagi með fjárlögum.
- » Stjórn dómstólasýslunnar ákveður fjölda héraðsdómara og annarra starfsmanna við hvern héraðsdómstól og setur almennar reglur um flutning dómara á milli þeirra.
- » Stjórn dómstólasýslunnar setur reglur um leyfi dómara frá störfum og veitir dómurum leyfi.
- » Stjórn dómstólasýslunnar setur reglur um meðferð mála hjá dómstólasýslunni og ákveður verkaskiptingu milli stjórnar og framkvæmdastjóra auk þess að ákveða hvaða stjórnsýsluverkefni skuli heyra undir dómstólasýsluna og hver undir forstöðumenn dómstólanna að því leyti sem þessi atriði eru ekki ákveðin í lögum.

Haldnir voru 20 fundir stjórnar á árinu.


Hlutverk dómstólasýslunnar

Hlutverk dómstólasýslunnar er skilgreint í 8. gr. dómstólalaga í sjö töluliðum. Upptalning er ekki tæmandi.

1. Að vera í fyrirsvari fyrir sameiginlega stjórnslu dómstólanna og koma fram gagnvart stjórnvöldum, fjölmiðlum og öðrum í þágu dómstólanna sameiginlega.
2. Að skipuleggja símenntun dómara og annarra starfsmanna í þjónustu dómstóla.
3. Að fara með yfirstjórn upplýsingamála og tæknimála dómstólanna, annast þróun þeirra mála og eftir þörfum ábendingar af því tilefni.
4. Að safna saman og birta upplýsingar um fjölda og afgreiðslu mála við dómstóla og gefa út ársskýrslu um starfsemi sína og dómstólanna.
5. Að stuðla að samræmingu og hafa eftirlit með framkvæmd reglna um málaskrár dómstóla, þingbækur, atkvæðabækur, búnað til upptöku á hljóði og mynd í þinghöldum, dómabækur og varðveislu málsskjala og upptaka í þinghöldum hjá dómstólum, samkvæmt þessum lögum, lögum um meðferð einkamála og lögum um meðferð ákærumála.
6. Að setja starfsreglur um samræmda framkvæmd við héraðsdómstóla en stjórn dómstólasýslunnar getur ákveðið að slíkar reglur verði bindandi ef þær varða ekki meðferð dómsmála að því leyti sem dómari ber einn ábyrgð á henni.
7. Að gera tillögur um hvað eina sem getur orðið til úrbóta í störfum dómstóla og löggjöf sem um þá gilda.

Á grundvelli 4. mgr. 9. gr. dómstólalaga skal nefnd um dómarastörf hafa aðstöðu hjá dómstólasýslunni og á grundvelli 2. mgr. 11. gr. dómstólalaga skal það sama gilda um dómnefnd um hæfni umsækjenda um embætti dómara. Þá hefur dómsmálaráðuneytið farið þess á leit við dómstólasýsluna að endurupptökunefnd hafi aðstöðu hjá stofnuninni og hefur dómstólasýslan veitt nefndinni aðstoð eftir föngum.

Dómstólasýslan gengur út frá ofangreindum gildum í öllum störfum sínum.



Stefnumótunarvinna

Í nóvember 2017 ákvað stjórn dómstólasýslunnar að ráðast í stefnumótunarvinnu sem tæki til starfa stjórnarinnar og starfsemi hinnar nýju stofnunar. Stefnan var samþykkt af hálfu stjórnar í mars 2018.

Stefna dómstólasýslunnar byggist á hlutverki dómstólasýslunnar og stjórnar hennar á grundvelli ákvæða laga um dómstóla nr. 50/2016 en stefna dómstólaráðs og héraðsdómstólanna fyrir árin 2012-2015 var einnig höfð til hliðsjónar.

Í stefnunni er hlutverk og forgangs röðun dómstólasýslunnar skilgreind út frá fjórum meginþáttum; þjónustu, verklagi, mannauði og fjármálum, ásamt því að byggt er á gildum um sjálfstæði, traust, skilvirkni og gæði.

Við undirbúning og vinnu við mótun stefnunnar kallaði stjórn dómstólasýslunnar til samráðs fulltrúa dómstjóra og stjórnenda héraðsdómstólanna, forseta og skrifstofustjóra Hæstaréttar og Landsréttar, ásamt því að fundað var með formanni Dómarafélags Íslands, fulltrúum frá dómsmálaráðuneytinu, ríkissaksóknara, Lögmannafélagi Íslands og Blaðamannafélagi Íslands.

Þá voru og haldnir fundir með formönnum nefndar um dómarastörf og dómnefndar um hæfni umsækjenda um embætti dómara. Loks var stefnan send öllum starfsmönnum dómstólanna til umsagnar. Með stefnunni fylgir áætlun þar sem aðgerðir til þess að ná settum markmiðum eru skilgreindar, tilgreint hver ber ábyrgð á framkvæmdinni, ásamt því að þegar við á eru settir mælikvarðar í þeim tilgangi að meta árangur. Ef aðgerðum fylgja sérstök rekstrarútgjöld er áætlað fyrir þeim kostnaði í fjármálaáætlun og rekstraráætlun ár hvert. Í frumvarpi með lögum um dómstóla nr. 50/2016 er m.a. lögð áhersla á mikilvægi þess að kostnaður við dómskerfið vaxi ekki úr hófi samanborið við þann ávinning sem af millidómstigi leiðir þannig að tryggð sé hagkvæm nýting á opinberu fé og að ekki dragi úr skilvirkni. Eitt meginmarkmið stefnu dómstólasýslunnar er að stuðla að því að framangreindum markmiðum laganna verði náð.

Með stefnunni er stofnuninni og stjórn hennar mörkuð framtíðarsýn með gildum og markmiðum með það að leiðarljósi að efla sameiginlega stjórnsýslu dómstólanna og stuðla um leið að samræmdri framkvæmd mála er varða innri starfsemi dómstíganna þriggja. Stjórn dómstólasýslunnar hefur reglubundið metið stöðu á framkvæmd stefnunnar, m.a. með fundum með dómstjórum héraðsdómstólanna og öðrum stjórnendum.

Stefnukort dómstólasýslunnar.

ÞJÓNUSTA	VERKLAG	MANNAUÐUR	FJÁRMÁL
Réttlát og opinber málsmeðferð	Gagnsæ upplýsingamiðlun	Hæfir starfsmenn	Markviss áætlanagerð
Sjálfstæðir og óvilhallir dómstólar	Skilvirkni og gæði	Eftirsóknarvert starfsumhverfi	Rekstur í samræmi við fjárheimildir
Traust til dómstólanna	Hagkvæmni	Markviss símenntun	Kostnaðarvitund
		Traust og virðing	

Verkefni dómstólasýslunnar á árinu 2018

Á árinu 2018 voru 420 mál og erindi til umfjöllunar og vinnslu hjá dómstólasýslunni. Hér á eftir er nánari grein gerð fyrir helstu verkefnum stofnunarinnar.

Símenntun, fundir og viðburðir starfsmanna dómstólanna

Námskeið á vegum dómstólasýslunnar

Í lok janúar voru haldin fjögurra daga námskeið fyrir nýskipaða héraðsdómara þar sem farið var yfir stjórnun þinghalda, samningu dóma í einkamálum og sakamálum ásamt því að siðareglur Dómarafélags Íslands voru kynntar.

Í maí efndi dómstólasýslan til starfsdags með öllum starfsmönnum dómstólanna þar sem forstjóri Persónuverndar og aðrir starfsmenn stofnunarinnar leiddu fræðslu sem sérsniðin var að starfsemi dómstólanna, m.a. í tengslum við persónuverndarlöggjöf ESB.

Í maí stóð dómstólasýslan og Lögmannafélag Íslands fyrir námskeiði fyrir þá sem taka að sér störf sem dómkvaddir matsmenn þar sem farið var yfir hlutverk matsmanna og starf þeirra frá dómkvaðningu til skila á matsgerð. Þetta er í annað sinn sem námskeiðið er haldið en því fylgir einnig „Matbókin – leiðbeiningar fyrir matsmenn“ sem Viðar Lúðvíksson lögmaður samdi ásamt starfsmönnum dómstólanna.

Í október var efnt til námskeiðaraðar er laut að ýmsum tækniþvingingum sem eru fram undan og hafa þegar orðið í starfsumhverfi dómstóla. Fyrstur reið á vaðið Ólafur Andri Ragnarsson, tölvunarfræðingur og aðjunktur við Háskólann í Reykjavík, þar sem hann ræddi tækniþvingingar sem eru handan við hornið og hvernig lögfræðingar geta búið sig undir framtíðina. Því næst voru þrjú námskeið haldin um eIDAS-reglugerðina, rafrænar undirskriftir og um réttaráhrif rafrænna skjala sem Elfur Logadóttir, lögfræðingur hjá lögfræðistofnunni ERA, hélt.

Um miðjan október var haldið námskeið fyrir stjórnendur dómstólanna þar sem stefna og viðbragðsáætlun dómstólasýslunnar um einelti, kynferðislega og kynbundna áreitni og ofbeldi á vinnustað var kynnt.

Fyrri hluta nóvember var haldið námskeiðið „Fons Juris á 40 mínútum“ þar sem dómarar og aðstoðarmenn nutu leiðsagnar um notkun vefsins. Þá var haldið námskeið um mansal í umsjón Barböru Martinez, yfirmanns „Special Prosecutions Section“ frá bandaríska dómsmálaráðuneytinu. Barbara kom til landsins á vegum dómsmálaráðuneytisins í samvinnu við bandaríska sendiráðið.

Seinni hluta nóvember héldu Páll Hreinsson, forseti EFTA-dómstólsins, og Ólafur Jóhannes Einarsson, ritari dómstólsins, námskeið um dóma EFTA-dómstólsins ásamt því að farið var yfir með dómurum hvernig best væri að standa að beiðni um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins.

Fundir og viðburðir á vegum dómstólasýslunnar

Í janúar var efnt til opins hádegisverðarfundar í samvinnu við Lögmannafélag Íslands þar sem Róbert Spanó, dómari við Mannréttindadómstól Evrópu, útskýrði dómaframkvæmd MDE varðandi 6. gr. mannréttinda-sáttmálans er snertir álitæfni um réttláta málsmeðferð við málskot til æðri dóms á sviði einkamála og sakamála.

Í lok febrúar kom Salvör Nordal, umboðsmaður barna, á fund stjórnar dómstólasýslunnar og ræddi hvernig gæta mætti betur að hagsmunum barna við meðferð mála fyrir dómstólum og mikilvægi þess að persónuvernd væri tryggð við birtingu dóma sem varða alvarleg brot gegn börnum.

Í byrjun apríl var efnt til hádegisverðarfundar með Jonas Ebbesson, prófessor í umhverfisrétti við háskólann í Stokkhólmi, um Árórsamninginn en hann er formaður eftirlitsnefndar sem starfar samkvæmt samningnum.

Í lok maí hélt dómstólasýslan, ásamt umboðsmanni barna, fund með fulltrúum réttarvörslukerfisins og helstu stofnunum og félagasamtökum sem gæta hagsmuna barna. Meðal annars var farið yfir reglur um birtingu dóma og framkvæmd þeirra á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndunum.

Um miðjan júní bauð dómstólasýslan starfsmönnum dómstólanna ásamt helstu samstarfsaðilum á opið hús í nýjum húsakynnum stofnunarinnar að Suðurlandsbraut 14.

Um miðjan október komu fulltrúar dómstólasýslunnar í Lettlandi í heimsókn til að kynna sér öryggismál hjá íslenskum dómstólum og var dómstjórum og dómvörðum boðið að koma á fundinn.

Seinni hluta október var haldinn hádegisverðarfundur í samvinnu við Lögmannafélag Íslands þar sem Róbert Spanó, dómari við Mannréttindadómstól Evrópu, hafði framsögu en fundurinn bar yfirskriftina „Hlutverk íslenskra dómstóla við beitingu MSE - samstarf eða tregða?“.

Í nóvember hélt dómstólasýslan, í samstarfi við Dómarafélag Íslands, Lögmannafélag Íslands og Lögfræðingafélag Íslands, málþing um tilgang birtingar dóma á netinu. Tilfni málþingsins var að drög að frumvarpi til laga um birtingu dóma og úrskurða dómstóla, sem byggðust á tillögum dómstólasýslunnar, höfðu verið birt á samráðsgátt stjórnvalda.

Húsnæði dómstólasýslunnar

Í kjölfar útboðs á vegum dómsmálaráðuneytisins á húsnæði fyrir dómstólasýsluna var gengið til samninga við REGIN fasteignafélag ehf. í byrjun febrúar á innréttingu og leigu á um 200 m² húsnæði fyrir starfsemi dómstólasýslunnar að Suðurlandsbraut 14 á 3. hæð. Húsnæðið var afhent dómstólasýslunni fullbúið til afnota í lok mars.



Upplýsinga- og tæknimál dómstólanna

Nýr vefur

Eitt hlutverka dómstólasýslunnar er að fara með stjórn upplýsinga- og tæknimála hjá dómstólunum. Nýr vefur www.domstolar.is var opnaður í upphafi árs en honum tengjast vefir Hæstaréttar, Landsréttar og héraðsdómstólanna sem birta síðan hver sína dóma og dagskrá. Á síðunni eru meðal annars birtar upplýsingar um starfsemi dómstólanna, dómstólasýslunnar, nefndar um dómastörf og hæfnisnefndar (þ.e. dómnefnd um hæfni umsækjenda um embætti dómara). Þá eru birtar reglur sem stjórn dómstólasýslunnar setur og í handbók dómstólanna eru upplýsingar um sérfróða meðdómsmenn, námskeið, námsleyfi dómara og fleira. Þess má geta að á haustdögum var, í samstarfi við aðstoðarmenn dómara nokkurra héraðsdómstóla, farið í það verkefni að setja fræðslufni fyrir almenning um réttarkerfið á heimasíðuna sem nefnist „spurningar og svör“. Þar er algengum spurningum svarað sem varða réttarhöld, sakamál, nauðungaruppboð og gjaldþrot.

DÓMSTÓLASÝSLAN

DÓMSTÓLABLAÐIÐ

Fréttabréf dómstólasýslunnar 1. hefti – Október 2018

Nýtt blað
Dómstólasýslan hefur nú útgáfu rafræns blaðs fyrir starfsmenn dómstólanna. Tilgangurinn er að miðla upplýsingum um það sem er efst á baugi innan dómstólanna, s.s. um fundi, viðburði og námskeið, auka kynni meðal starfsmanna sem og að slá á létta strengi svo einhver nenni að lesa blaðið.

Dagatal dómstólanna

8. október
4. mánudagur

10. október
eIDAS reglugerðin - hvað þurfa dómara að vita um hana?

17. október

Starfsfólk dómstólasýslunnar
Starfsemi dómstólasýslunnar er ódum að komast í fastar skorður og er skrifstofan nú orðin fullnámúð með fimm starfsmönnum. En hverjar eru þetta og hvað eru þær að öera allan daginn?

Dómstólablaðið

Dómstólasýslan hóf útgáfu rafræns fréttabréfs til starfsmanna dómstólanna í þeim tilgangi að bæta upplýsingagjöf um það sem er helst á döfinni. Dómstólablaðið er sent í tölvupósti til starfsmanna þegar þörf er á en alls voru gefin út fimm tölublöð haustið 2018.

Uppsetning á hljóð- og myndkerfum hjá dómstólunum

Í kjölfar breytinga á ákvæðum laga um meðferð sakamála og einkamála, sem kveða á um að það sem fram kemur í munnlegum sönnunarfærslum skuli tekið upp í hljóði og mynd, var ráðist í það verkefni að setja upp hljóð- og myndupptökukerfi í dómsölum. Við áfrýjun máls til Landsréttar eru hljóð- og myndupptökurnar afhentar sem hluti málgagna fyrir réttinum.

Ný málaskrá

Í upphafi árs 2018 var tekin í notkun málaskrá Landsréttar og samhliða þróun hennar var gengið til samninga um þróun og vinnu við nýja málaskrá héraðsdómstólanna. Nýjar málaskrár dómstíganna tveggja koma til með að auðvelda þróun og vinnu við rafræna málsmeðferð dómsmála en gert er ráð fyrir því að mögulegt verði að senda málgögn rafrænt milli dómstíga.

Málaskrá dómstólasýslunnar var tekin í notkun í lok apríl og er umsókn um rafræn skil til Þjóðskjalasafns Íslands til meðferðar. Þá er einnig hafinn undirbúningur fyrir umsókn um rafræn skil til Þjóðskjalasafns fyrir stjórn-sýslumál Landsréttar. Þá er stefnt að því að innleiða kerfisbundna skjalastjórnun hjá héraðsdómstólunum og hófst undirbúningur þess á árinu, meðal annars með gerð málalýkla fyrir héraðsdómstólana.

Tölvurekstrarþjónusta fyrir dómstólasýsluna, héraðsdómstólana og Landsrétt

Á árinu 2018 sagði Þjóðskrá upp samningum um tölvu- og rekstrarþjónustu fyrir dómstólasýsluna, Landsrétt og héraðsdómstólana. Því var farið í örútbóð á þjónustunni og í kjölfarið gengið til samninga við fyrirtækið SENSE.

Örútbóð fyrir nýjar tölvur og tækjabúnað fyrir héraðsdómstólana

Dómstólasýslan vann að örútbóði fyrir endurnýjun á tölvum og öðrum tækjabúnaði fyrir héraðsdómstólana. Gert er ráð fyrir nýjum búnaði sem styður í auknum mæli rafræna ferla við vinnslu dómsmála, m.a. með notkun skjáa við rekstur dómsmála.

Samræming og eftirlit með framkvæmd reglna

Tilnefning sérfróðra meðdómsmanna

Með lögum um dómstóla nr. 50/2016 var gerð breyting á kvaðningu sérfróðra meðdómsmanna. Er kveðið á um breytingarnar í 39., 40. og 41. gr. laganna en þar segir m.a. að dómstólasýslan tilnefni hæfilegan fjölda manna með sérkunnáttu á öðrum sviðum en lögfræði til fimm ára í senn til að gegna störfum sérfróðra meðdómsmanna á helstu sérsviðum þar sem reynir á slíka sérkunnáttu við meðferð mála fyrir héraðsdómi og Landsrétti.

Dómstólasýslan ákveður á hvaða fagsviðum sérfróðir meðdómsmenn skuli tilnefndir og hversu margir eru á hverju þeirra. Sérfróða meðdómsmenn er hægt að tilnefna úr röðum umsækjenda, að undangenginni opinberri auglýsingu, eða samkvæmt ábendingu dómara. Þá er hægt að tilnefna sérfróða meðdómsmenn til fimm ára eða veita tilnefningu í tilteknu máli.

Þegar þörf er á sérfróðum meðdómsmanni til setu í dómi við meðferð máls ber héraðsdómara, forseta Landsréttar eða dómsformanni, sem falin hefur verið meðferð máls, að kveða til setu einhvern eða einhverja sérfræðinga sem dómstólasýslan hefur tilnefnt. Ef enginn þeirra, sem tilnefndur hefur verið, býr yfir sérkunnáttu sem þörf er á við úrlausn málsins skal leita til dómstólasýslunnar um að finna kunnáttumann sem viðkomandi dómari telur hafa slíka sérkunnáttu.

Á árinu hefur dómstólasýslan tilnefnt 105 einstaklinga til þess að gegna störfum sem sérfróðir meðdómsmenn við dómstólana næstu fimm árin. Þekking þeirra er meðal annars á sviði byggingafræði, húsasmíði, læknisfræði, sálfræði, verkfræði og viðskiptafræði.

Reglur um samræmda framkvæmd

Eitt af lögbundnum hlutverkum dómstólasýslunnar er að setja starfsreglur um samræmda framkvæmd við héraðsdómstóla en stjórn dómstólasýslunnar getur ákveðið að slíkar reglur verði bindandi.

Um það leyti sem dómstólasýslan tók til starfa var farið yfir allar reglur sem dómstólaráð hafði sett, þær endurskoðaðar og gefnar út á ný.

Eftirfarandi reglur tóku gildi á árinu:

- » Þingreglur héraðsdómstóla nr. 1/2018.
- » Siðareglur fyrir starfsmenn dómstóla nr. 2/2018.
- » Reglur um birtingu dóma og úrskurða á vefsíðu héraðsdómstólanna nr. 3/2018.
- » Reglur um tilhögun skýrslutöku fyrir dómi af vitni skv. 123. gr. laga um meðferð ákærumála einkum þegar vitni er yngri en 15 ára nr. 4/2018.
- » Reglur um fasta þingstaði héraðsdómstóla nr. 5/2018.
- » Reglur um flutning héraðsdómara milli umdæma nr. 6 /2018.
- » Reglur um málsmeðferðartíma hjá héraðsdómstólum nr. 7/2018.
- » Reglur um málskostnaðartryggingar fyrir héraðsdómi nr. 8/2018.
- » Reglur um aðgang að upplýsingum og gögnum hjá héraðsdómstólum nr. 9/2018.
- » Reglur um málskostnað við áritun stefnu í útivistarmáli skv. 113. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála nr. 10/2018.
- » Reglur um málsvarnarlaun eða þóknun verjenda og þóknun til réttargæslumanna nr. 11/2018.
- » Reglur um refsingar vegna smærri brota gegn lögum um ávana- og fíkniefni nr. 12/2018.
- » Reglur um sektir og ökuréttarsviptingu vegna aksturs undir áhrifum ávana- og fíkniefna þegar ákærða er gefinn kostur á að ljúka máli með viðurlagaákvörðun nr. 13/2018.
- » Reglur um sérfróða meðdómsmenn nr. 14/2018.
- » Reglur um afhendingu og færslu hljóð- og myndskráa frá héraðsdómstólunum nr. 15/2018.
- » Reglur um námsleyfi dómara nr. 16/2018.

Verklagsreglur um afhendingu hljóð- og myndskráa

Dómstólasýslan vann í samráði við ríkissaksóknara, formann Lögmannafélags Íslands, skrifstofustjóra Landsréttar og skrifstofustjóra Héraðsdóms Reykjavíkur og dómritara við Héraðsdóm Reykjaness að verklagsreglum um afhendingu og færslu hljóð- og myndskráa annars vegar til ákærvaldsins og hins vegar til verjenda og lögmannna málsaðila í einkamálum, auk tilfærslna á milli dómstiga.

Stefna og viðbragðsáætlun um einelti, kynferðislega og kynbundna áreitni og ofbeldi á vinnustað

Dómstólasýslan ákvarðaði stefnu ásamt viðbragðsáætlun um þetta málefni fyrir dómstólasýsluna og dómstólana samhliða því að skipa sérstakt óháð fagráð þriggja aðila sem ætlað er það hlutverk að taka á þeim málum sem upp kunna að koma hjá dómstólunum eða dómstólasýslunni. Fagráðið skipa Margrét María Sigurðardóttir lögfræðingur, formaður, dr. Hörður Þorgilsson sálfræðingur og Sjöfn Evertsdóttir sálfræðingur.

Starfshópur um samræmda birtingu dóma á öllum dómstigum

Til samræmis við stefnu dómstólasýslunnar um mikilvægi samræmdrar birtingar dóma á öllum dómstigum var skipaður starfshópur með fulltrúum allra dómstiga sem var falið það verkefni að koma með tillögur að auknu samræmi milli dómstiga um birtingu dóma á netinu. Við framlagningu frumvarps til laga um breytingu á lögum um dómstóla, þar sem lagt var til að stjórn dómstólasýslunnar yrði falið að setja reglur, meðal annars um birtingu dóma og úrskurða allra dómstólanna, var vinnu starfshópsins frestað.

Ýmsar nefndir

Nefnd um dómarastörf

Nefnd um dómarastörf hefur aðsetur hjá dómstólasýslunni og veitir dómstólasýslan henni margvíslega aðstoð, m.a. við skráningu mála í málaskrá, birtingu álitna á vef dómstólasýslunnar og við birtingu á hagsmunaskráningu dómara. Nefndina skipa Hjördís Björk Hákonardóttir fv. hæstaréttardómari, formaður, Friðgeir Björnsson fv. dómstjóri og Ása Ólafsdóttir prófessor. Nefndin hefur sett sér reglur um birtingu álitna í samráði við dómstólasýsluna en nánari upplýsingar um nefndina, aukastörf dómara, álit og ákvarðanir eru birtar á www.domstolar.is.

Dómnefnd um hæfni umsækjenda um embætti dómara

Dómnefnd um hæfni umsækjenda um embætti dómara hefur aðstöðu hjá dómstólasýslunni. Nefndin fjallar um hæfni umsækjenda um embætti héraðsdómara, dómara við Landsrétt og hæstaréttardómara.

Nefndina skipa Ingimundur Einarsson héraðsdómari, formaður, Kristín Benediktsdóttir dósent, Ragnhildur Helgadóttir prófessor, Ragheiður Harðardóttir landsréttardómari og Óskar Sigurðsson lögmaður. Nánari upplýsingar um nefndina eru birtar á www.domstolar.is.

Endurupptökunefnd

Að beiðni dómsmálaráðuneytisins var endurupptökunefnd veitt aðstaða hjá dómstólasýslunni en hlutverk hennar er að taka ákvörðun um hvort heimila eigi endurupptöku dómsmáls sem dæmt hefur verið í héraði, Landsrétti eða Hæstarétti. Nefndina skipa Haukur Örn Birgisson hrl., formaður, Gizur Bergsteinsson hrl. og Þórdís Ingaðóttir dósent. Nánari upplýsingar um nefndina eru birtar á www.endurupptokunefnd.is.



Samráðshópar, stýrinefndir o.fl.

Dómstólasýslan á fulltrúa í eftirfarandi stýrihópum og starfshópum á vegum dómsmálaráðuneytisins:

Réttarvörslugátt

Dómsmálaráðuneytið skipaði stýrihóp með fulltrúum stofnana í réttarvörslukerfinu með það að markmiði að gögn í réttarvörslukerfinu verði aðgengileg rafrænt þvert á stofnanir með öruggum hætti og jafnframt þannig að aðgangur að gögnum verði fyrir ytri aðila, t.d. lögmennt og aðila máls.

Húsnæðisþörf Landsréttar og Héraðsdóms Reykjavíkur

Dómsmálaráðuneytið setti á fót starfshóp til þess að vinna að þarfagreiningu og frummatsskýrslu fyrir nýtt húsnæði fyrir Landsrétt og Héraðsdóm Reykjavíkur á svokölluðum Stjórnarráðsreit. Starfshópurinn er skipaður fulltrúum frá dómstólasýslunni, Landsrétti, Héraðsdómi Reykjavíkur og Héraðsdómi Reykjaness.

Starfsmenntunarsjóður dómara

Dómstólasýslan á fulltrúa í stjórn starfsmenntunarsjóðs dómara sem setur m.a. reglur um námsstyrki til dómara og sér um úthlutun styrkja. Þá heldur starfsmaður dómstólasýslunnar fundargerðir stjórnar og sér um greiðslu styrkja í kjölfar samþykktar þeirra.

Erlent samstarf

SEND (Samarbejdsorganet for Efteruddannelse af Nordens Dommere)

SEND er samstarfsverkefni norrænu dómstólanna um símenntun dómara sem á rætur sínar að rekja til ársins 1989. Frá upphafi hefur sænska dómstólaráðið lagt til stöðugildi ritara stýrinefndar SEND en í henni sitja fulltrúar allra norrænu þjóðanna. Hlutverk stýrinefndarinnar er að ákveða og skipuleggja efni ráðstefnanna hverju sinni en Norðurlandabjórinnar skiptast á að halda þær og undirbúa. Ingibjörg Þorsteinsdóttir, héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur og formaður Dómarafélags Íslands, situr í stýrinefndinni en henni til aðstoðar er starfsmaður dómstólasýslunnar. Á árinu voru haldnar tvær ráðstefnur, annars vegar í Danmörku og hins vegar í Noregi.



Norrænn fundur framkvæmdastjóra og starfsmanna dómstólasýslunnar

Í lok ágúst sóttu formaður og framkvæmdastjóri sameiginlegan fund norrænu dómstólasýslanna sem að þessu sinni var haldinn í Kaupmannahöfn. Meginfundarefnið var rafræn málsmeðferð og sjálfstæði dómstóla.

CEPEJ (European Commission for the efficiency of Justice)

Markmið CEPEJ er að stuðla að aukinni skilvirkni dómstóla innan sambandsríkjanna og setur m.a. í þeim tilgangi mælikvarða og safnar tölfræðiupplýsingum frá stofnunum og dómstólum. Dómstólasýslan á fulltrúa í starfshópi CEPEJ og sótti formaður stjórnar fund í Strassborg í desember sl. þar sem til umræðu var einkum uppfærður spurningalisti sem ætlunin er að leggja fyrir aðildarríkin á árinu 2019.

HELP (Human Rights Education for Legal Professionals)

HELP er stofnun á vegum Evrópuráðsins sem reglubundið stendur fyrir ráðstefnum sem ætlað er að þjálfa dómara, saksóknara og lögmennt í beitingu mannréttindasáttmála Evrópu. Kjartan Bjarni Björgvinsson, héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, var tilnefndur af stjórn dómstólasýslunnar sem tengiliður dómstólasýslunnar við HELP.

Mannauður dómstólanna og dómstólasýslunnar

Alls eru fimm starfsmenn hjá dómstólasýslunni og 139 starfsmenn hjá dómstólunum á öllum dómstigum. Í Hæstarétti starfa 16 manns, í Landsrétti starfar 31 og í héraðsdómstólunum eru alls 92 starfsmenn. Dómarar eru 65 talsins, aðstoðarmenn dómara 25 og aðrir starfsmenn 49.

Dómarar

Alls er 41 karl og 24 konur dómarar. Í Hæstarétti eru sjö karlar og ein kona, í Landsrétti eru átta karlar og sjö konur og hjá héraðsdómstólunum eru 26 karlar og 16 konur dómarar.


Aðstoðarmenn

Alls eru níu karlar og 16 konur aðstoðarmenn dómara. Í Hæstarétti eru tveir karlar og tvær konur, í Landsrétti eru þrjú karlar og fimm konur og hjá héraðsdómstólunum eru fjórir karlar og níu konur aðstoðarmenn.


Aðrir starfsmenn

Aðrir starfsmenn dómstólanna eru skrifstofustjórar, mannauðs- og rekstrarstjóri, verkefnastjórar, dómritarar, dómverðir, prófarkalesarar, skjalaverðir, móttökuritarar og skrifstofufólk. Alls eru tíu karlar og 39 konur í þessum hópi. Í Hæstarétti eru tveir karlar og tvær konur, í Landsrétti eru fjórir karlar og fjórar konur og í héraðsdómstólunum eru fjórir karlar og 33 konur.

Fjöldi kvenna og karla á þremur dómstigum.



Fjöldi dómara, aðstoðarmanna dómara og annarra starfsmanna á þremur dómstigum.




Hæstiréttur

- Einkamál áfrýjað
- Sakamál áfrýjað




Landsréttur

- Einkamál áfrýjað
- Sakamál áfrýjað



Héraðsdómstólar

- Munnlega flutt einkamál - innkomin
- Ákærumál



Dómstólarnir í tölum

Á meðfylgjandi töflu er samantekt á áfrýjuðum einkamálum og sakamálum í Hæstarétti og Landsrétti á árinu 2018 ásamt fjölda munnlega fluttra einkamála í héraðsdómstólunum átta. Nánari sundurliðun á málafjölda og málategundum er að finna í umfjöllun um hvert dómstig fyrir sig.

Hæstiréttur	
Einkamál áfrýjað	12
Sakamál áfrýjað	5
Samtals	17

Landsréttur	
Einkamál áfrýjað	324
Sakamál áfrýjað	172
Samtals	496

Héraðsdómstólar	
Munnlega flutt einkamál - innkomin	917
Ákærumál	1.858
Samtals	2.775



Hæstiréttur

Frá því að Hæstiréttur var stofnaður árið 1920 og til ársloka 2017 gegndi hann tvíþættu hlutverki; var annars vegar áfrýjunardómstóll og hins vegar fordæmisgefandi dómstóll.

Þegar Landsréttur var stofnaður 1. janúar 2018 tók hann við því hlutverki Hæstaréttar að vera áfrýjunardómstóll. Ákveðið var að Hæstiréttur skyldi dæma í þeim 270 einkamálum sem til hans var áfrýjað fyrir árslok 2017 en 75 af 77 ódæmdum sakamálum voru send Landsrétti til meðferðar.

Hlutverk Hæstaréttar er að vera fordæmisgefandi dómstóll. Nú er einungis unnt að kæra eða áfrýja málum til Hæstaréttar að fengnu leyfi réttarins. Í undantekningartilvikum er þó unnt að kæra úrskurði Landsréttar til Hæstaréttar án leyfis.

Dómarar í Hæstarétti eru nú átta og verða sjö þegar næsti dómari lætur af embætti. Aðstoðarmenn dómara eru fjórir og aðrir starfsmenn fjórir að skrifstofustjóra meðtöldum. Ekki er sett í embætti dómara í námsleyfi eða við önnur forföll. Forseti Hæstaréttar er Þorgeir Örlygsson en varaforseti Helgi I. Jónsson.

Fjöldi mála

Meðferð 270 einkamála sem áfrýjað var til Hæstaréttar fyrir árslok 2017 lauk á árinu. Skráð mál á árinu 2018 voru 38 og gengu dómur í 18 málum. Óafgreidd mál voru 16, þrjú mál voru send Landsrétti til meðferðar í samræmi við 1. mgr. 78. gr. laga nr. 49/1916, sbr. 4. gr. laga nr. 51/2017, og eitt mál var fellt niður. Auk þessa var einu sakamáli sem var endurupptekið 2016 ólok- ið. Á árinu 2018 bárust 69 beiðnir um áfrýjunar- eða kæruleyfi.


Málstegund	Fjöldi
Áfrýjuð	17
Einkamál	12
Sakamál	5
Kærð	21
Einkamál	16
Sakamál	5
Samtals fjöldi	38

Beiðnir um áfrýjunar- og kæruleyfi

Frá 1. janúar 2018 hefur einungis verið unnt að kæra eða áfrýja málum til Hæstaréttar að fengnu leyfi réttar- ins. Beiðnir um áfrýjunar- eða kæruleyfi árið 2018 voru samtals 69. Þar af voru beiðnir um kæruleyfi 22, áfrý- unarleyfi í sakamálum 14 og í einkamálum 33. Hæsti- réttur samþykkti 15 beiðnir á árinu 2018, hafnaði 43 en átta beiðnir voru óafgreiddar í árslok. Þrjú mál voru fellt niður.

Áfrýjuð mál


Af þeim 270 málum sem Hæstiréttur lauk við árið 2018 gengu dómur í 249 málum en 21 mál var fellt niður. Í 46 málum dæmdu fimm dómur, en 203 mál dæmdu þrjú dómur. Ekkert mál var flutt fyrir sjö dómurum. Af þessum 249 málum var niðurstaða héraðsdóms staðfest í 154 málum, breytt að einhverju leyti í 22 málum, breytt verulega eða snúið við í 51 máli og ómerkt eða vísað frá dómi í 22 málum. Þá má geta þess að af þeim tólf einka-




Fjöldi nýskráðra mála hjá Hæstarétti árið 2018.

- Áfrýjuð
- Kærð

Afgreiddar beiðnir um áfrýjunar- og kæruleyfi til Hæstaréttar árið 2018.





Lyktir áfrýjaðra einkamála fyrir Hæstarétti árið 2018.

- Niðurstaða héraðsdóms staðfest
- Málum breytt að einhverju leyti
- Málum breytt verulega eða snúið við
- Mál niðurfellt, ómerkt eða vísað frá héraði

málum sem bárust Hæstarétti árið 2018 var ekki búið að dæma í neinu þeirra um áramót.

Í ársbyrjun 2018 voru 75 af 77 óloknum sakamálum send Landsrétti til meðferðar. Þau tvö sem urðu eftir voru endurupptekin mál og dæmdi Hæstiréttur í þeim á árinu. Á árinu voru skráð sakamál fimm en þrjú þeirra voru send Landsrétti til meðferðar, eitt var dæmt og einu var ólokið í árslok 2018.

Kærð mál

Kærð mál árið 2018 voru samtals 21 og gengu dómur í 17 málum. Þar af voru tólf einkamál og fimm sakamál. Fjögur kærðumál voru óafgreidd um áramót.

Landsréttur

Við gildistöku laga um dómstóla nr. 50/2016 þann 1. janúar 2018 tók Landsréttur til starfa og er hann áfrýjunardómstóll. Fyrsta starfsárið einkenndist af mótun á nýrri starfsemi frá grunni. Sú vinna stóð allt árið 2018 og stendur enn yfir.



Þegar horft er til reynslu síðustu ára af málafjölda hjá Landsrétti og áður Hæstarétti eru ekki forsendur til annars en að leggja svipaða þróun til grundvallar á komandi árum. Þótt dómara við Landsrétt séu fleiri en voru við Hæstarétt lengst af verður sérstök áskorun að halda málsmeðferðartíma í horfi þar sem meðferð nokkurs fjölda áfrýjaðra mála fyrir Landsrétti er flóknari en var fyrir Hæstarétti vegna viðbótarsönnunarfærslu með vitnaleiðslum auk þess sem dómara við Landsrétt koma oft beint að undirbúningi aðalmeðferða með því að halda undirbúningsþinghöld. Nefna má í dæmaskyni að fyrstu starfsmánuði Landsréttar lætur nærri að hlutfall þeirra mála, þar sem haldin hafa verið undirbúningsþinghöld, hafi verið 45% í sakamálum og 15% í einkamálum. Að því er stefnt að halda í heiðri viðmið dómstólasýslunnar um málsmeðferðartíma sem tekur mið af því að yfirleitt sé leyst úr áfrýjuðum málum innan átta mánaða frá áfrýjun. Vert er þó að geta þess að Landsréttur hefur

ekki fullt vald á málshraða í áfrýjuðum sakamálum þar sem undirbúningur þingfestingar sakamála er á hendi ríkissaksóknara án þess að skilgreind séu viðmið um tímalengd þessa undirbúnings. Við meðferð áfrýjaðra mála er sá munur á málsmeðferðinni í Landsrétti og Hæstarétti að munnleg sönnunarfærsla fer fram fyrir Landsrétti. Af þeim sökum er málsmeðferðin þar tímafrekari.

Þrjú dómara dæma almennt í málum hjá Landsrétti en heimild er í undantekningartilvikum að hafa fimm dómara. Það var aðeins gert í einu máli á fyrsta starfsári réttarins. Dómara við Landsrétt eru 15, aðstoðarmenn eru átta og aðrir starfsmenn að meðtöldum skrifstofustjóra eru sjö. Forseti Landsréttar er Hervör Þorvaldsdóttir en varaforseti Davíð Þór Björgvinsson.



Fjöldi mála


Heildarfjöldi innkominna mála hjá Landsrétti árið 2018 var 941 sem er svipað og á árinu á undan hjá Hæstarétti ef frá eru talin þau 75 sakamál sem send voru Landsrétti frá Hæstarétti í upphafi árs. Af þeim 767 málum sem Landsréttur dæmdi árið 2018 gengu dómur í 673 málum en 94 mál voru felld niður. Niðurstaða héraðsdóms var staðfest 425 málum, breytt að einhverju leyti í 85 málum og breytt verulega eða snúið við í 105 málum. Til Landsréttar var áfrýjað 324 einkamálum á árinu 2018 og 172 sakamálum. Þá voru 176 einkamál kærð og 269 sakamál.

Málstegund	Fjöldi
Áfrýjuð mál	496
Einkamál	324
Sakamál	172
Kærð mál	445
Einkamál	176
Sakamál	269
Samtals fjöldi	941

Áfrýjuð mál


Alls lauk 322 áfrýjuðum málum á árinu 2018, 219 einkamálum og 103 sakamálum. Þar af lauk 258 málum með dómi en 64 mál voru felld niður.

Alls lauk 159 áfrýjuðum einkamálum með dómi og 60 mál voru felld niður. Niðurstaða héraðsdóms var staðfest í 83 málum, breytt að einhverju leyti í 17 málum, breytt verulega eða snúið við í 33 málum og ómerkt eða vísað frá í 26 málum.



Fjöldi nýskráðra mála hjá Landsrétti árið 2018.

- Áfrýjuð mál
- Kærð mál



Lýktir áfrýjaðra einkamála fyrir Landsrétti árið 2018.

- Niðurstaða héraðsdóms staðfest
- Málum breytt verulega eða snúið við
- Málum breytt að einhverju leyti
- Mál niðurfelld, ómerkt eða vísað frá


Alls lauk 98 áfrýjuðum sakamálum með dómi á árinu en fjögur mál voru felld niður. Niðurstaða héraðsdóms var staðfest í 37 málum, breytt að einhverju leyti í 41 máli, breytt verulega eða snúið við í 16 málum og ómerkt eða vísað frá í fimm málum.

Kærð mál

Landsréttur afgreiddi 445 kærð mál á árinu 2018, 176 einkamál og 269 sakamál. Þar af lauk 415 málum með dómi en 30 mál voru felld niður. Niðurstaða héraðsdóms var staðfest í 305 málum en málum var breytt verulega eða snúið við í 83 málum. Þá voru 27 mál ómerkt eða vísað frá.

Kærð mál	Einkamál	Sakamál
Staðfest	96	209
Breytt að einhverju leyti	15	12
Breytt verulega eða snúið við	36	20
Ómerking eða frávísun	19	8
Niðurfelld mál	10	20
Samtals kærð mál	176	269

Þau einkamál sem hægt er að skjóta til Landsréttar með kæru eru annars vegar einkum úrskurðir um formsatriði dómsmála og hins vegar mál sem löggjafinn hefur metið að þyrfti sérstaklega skjótrar úrlausnar við. Dæmi um fyrrnefnda flokkinn eru álitamál um hæfi dómara, dómkvaðningu matsmanna, veitingu fresta, frávísun máls frá dómi vegna formgalla og svo framvegis. Síðari flokkinn fylla mál sem lúta að aðfarargerðum, svo sem ágreiningsmál um nauðungarsölur og fjárnám, ágreiningsmál í tengslum við gjaldþrotaskipti og svo mál er lúta að persónulegum málefnum einstaklinga, svo sem nauðungarvistanir á sjúkrahúsi vegna veikinda, vistun barna utan heimilis vegna félagslegra aðstæðna og þess háttar. Mál þessi eru langoftast skriflega flutt fyrir Landsrétti og þurfa almennt ekki flókna sönnunarfærslu.



Lyktir áfrýjaðra sakamála fyrir Landsrétti árið 2018.

- Niðurstaða héraðsdóms staðfest
- Málum breytt að einhverju leyti
- Málum breytt verulega eða snúið við
- Mál niðurfellt, ómerkt eða vísað frá

Héraðsdómstólarnir

Dómarar í héraði eru nú 42 starfandi við átta héraðsdómstóla og verða það áfram samkvæmt lögum nr. 50/2016 um dómstóla.

Þegar þróun á fjölda dómsmála og meðferð þeirra hjá héraðsdómstólunum er til skoðunar er fyrst og fremst horft til munnlega fluttra einkamála og sakamála enda vega þau þýngst hjá héraðsdómstólunum.

Munnlega fluttum einkamálum hefur farið fækkandi á síðastliðnum sjö árum og vekur einkum athygli sú fækkun sem hefur orðið á munnlega fluttum málum við Héraðsdóm Reykjavíkur. Munnlega flutt einkamál voru 585 á árinu 2018 samanborið við 712 árið 2017 og 718 árið 2016 á meðan fjöldi munnlega fluttra einkamála við Héraðsdóm Reykjaness hefur haldist í kringum 200 mál á ári.


Fjöldi munnlega fluttra sakamála voru 514 við Héraðsdóm Reykjaness á árinu 2018 á meðan þau voru 602 við Héraðsdóm Reykjavíkur. Þá vekur athygli fjöldi rannsóknarúrskurða sem kveðnir eru upp við Héraðsdóm Reykjaness en þeir voru 653 á árinu 2018 samanborið

við 648 við Héraðsdóm Reykjavíkur. Jafnframt eru fleiri gæsluvarðhaldsúrskurðir kveðnir upp við Héraðsdóm Reykjaness en Héraðsdóm Reykjavíkur.


Fjöldi mála

Alls bárust 14.977 mál til héraðsdómstólanna árið 2018 samanborið við 15.378 árið 2017. Það er nálægt meðaltali mála síðustu fimm árin á undan og því má draga þá ályktun að réttarkerfið hafi sennilega náð jafnvægi eftir þann málafjölda sem kom í kjölfar efnahagshrunsins á Íslandi haustið 2008. Alls bárust 8.199 mál Héraðsdómi Reykjavíkur og 3.998 mál Héraðsdómi Reykjaness.

Heildarfjöldi dómsmála hjá héraðsdómstólunum 2009-2018.



Fjöldi munnlega fluttra einkamála, afgreidd, óafgreidd og meðalmálsmeðferðartími, af reglulegu þingi 2009-2018.




Einkamál


Einkamál eru annars vegar munnlega flutt og hins vegar skriflega flutt. Þegar einkamáli er stefnt fyrir héraðsdómstól, og tekið til varnar, er því úthlutað dómara til meðferðar. Ef ekki takast sættir, eða mál fellt niður af öðrum ástæðum, fer það til munnlegs málflutnings fyrir dómstólum. Ef ekki er tekið til varnar í einkamáli lýkur því með áritun eða útivistardómi og telst því skriflega flutt.

Alls komu 917 einkamál til munnlegs málflutnings á árinu 2018 en 956 einkámálum var lokið. Eftir var að flytja 692 einkamál í lok árs. Málsmeðferðartími munnlega fluttra einkamála var að meðaltali 351 dagur á árinu 2018 en til samanburðar var málsmeðferðartími að meðaltali 381 dagur á árinu 2017.

Skriflega flutt einkamál 2009-2018.



Innkomin ákærumál, afgreidd, óafgreidd og meðalmálsmeðferðartími, 2009-2018.




Ákærumál

Alls komu 1858 ákærumál til meðferðar héraðsdómstólanna árið 2018, þar af var 1712 lokið og 578 málum ólokið um áramót. Málsmeðferðartími ákærumála var að meðaltali 103 dagar á árinu 2018 en til samanburðar var málsmeðferðartími að meðaltali 86 dagar á árinu 2017.


Gjaldþrot

Fjöldi gjaldþrotaskiptabeiðna sem borist hafa héraðsdómstólunum á liðnum árum hefur staðið nokkuð í stað. Á árinu 2017 bárust héraðsdómstólunum 2732 gjaldþrotaskiptabeiðnir samanborið við 2349 árið 2018. Uppkveðnir gjaldþrotáúrskurðir einstaklinga standa nokkuð í stað milli ára en þeir voru 290 árið 2017 og 311 árið 2018. Hins vegar fjölgaði uppkveðnum gjaldþrotáúrskurðum lögaðila á milli ára voru 763 árið 2017 en 1030 árið 2018.


Fjöldi gjaldþrotaskiptabeiðna sem bárust héraðsdómstólunum árin 2009-2018.




Fjöldi ágreiningsmála vegna gjaldþrotaskipta sem rekin voru fyrir héraðsdómstólunum.



Fjöldi uppkveðinna gjaldþrotaskiptaúrskurða hjá héraðsdómstólunum eftir lögaðilum og einstaklingum.



Fjöldi gjaldþrotáúrskurða einstaklinga 2009-2018.




Rannsóknarúrskurðir

Á meðfylgjandi mynd er þróun fjölda uppkveðinna úrskurða hjá héraðsdómstólunum á grundvelli rannsóknar sakamála á tímabilinu 2009-2018. Rannsóknarúrskurðir eru af ýmsu tagi, svo sem úrskurðir til húsleitar og gæsluvarðhalds, sem eru tilteknir sérstaklega í töflunni.

Árið 2018 voru alls kveðnir upp 1.538 rannsóknarúrskurðir hjá héraðsdómstólunum. Þar af voru 143 húsleitarúrskurðir og 489 gæsluvarðhaldsúrskurðir sem eru nokkru fleiri en árið á undan.

Rannsóknarúrskurðir 2009-2018.



Dómstólasýslan

Suðurlandsbraut 14
108 Reykjavík
Sími 432-5010
domstolasyslan@domstolasyslan.is

Hæstiréttur Íslands

Dómhúsinu við Arnarhól
101 Reykjavík
Sími 510-3030
haestirettur@haestirettur.is

Landsréttur

Vesturvör 2
200 Kópavogur
Sími 432-5300
landsrettur@landsrettur.is

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómhúsið við Lækjartorg
101 Reykjavík
Sími 432-5200
heradsdomur.reykjavikur@domstolar.is

Héraðsdómur Vesturlands

Bjarnarbraut 8
310 Borgarnes
Sími 432-5030
heradsdomur.vesturlands@domstolar.is

Héraðsdómur Vestfjarða

Hafnarstræti 9
400 Ísafjörður
Sími 432-5040
heradsdomur.vestfjarda@domstolar.is

Héraðsdómur Norðurlands vestra

Skagfirðingabraut 21
550 Sauðárkrókur
Sími 455-6444
heradsdomur.nordurlands.vestra@domstolar.is

Héraðsdómur Norðurlands eystra

Hafnarstræti 107
600 Akureyri
Sími 460-2500
heradsdomur.nordurlands.eystra@domstolar.is

Héraðsdómur Austurlands

Lyngási 15
700 Egilsstaðir
Sími 432-5070
heradsdomur.austurlands@domstolar.is

Héraðsdómur Suðurlands

Austurvegi 4
800 Selfoss
Sími 482-1055
heradsdomur.sudurlands@domstolar.is

Héraðsdómur Reykjaness

Fjarðargötu 9
220 Hafnarfirði
Sími 432-5100
heradsdomur.reykjaness@domstolar.is



DÓMSTÓLASÝSLAN